

Sameiningarnefnd SV, TFÍ og VFÍ

Félögin viðurkenna að tæknifræðináms og verkfræðináms sé hvort tveggja af sama meidi. Því er eðlilegt að flokka tæknifræðináms sem námsbraut í verkfræði. (Stefna TFÍ og VFÍ í menntunarmálum tæknifræðinga og verkfræðinga)

Helstu niðurstöður

- Nefndin leggur til að sameina skuli verkfræðinga og tæknifræðinga í einu félagi sem sinnir hagsmunamálum stéttarinnar í hvívetna.
- Nefndin leggur til að byggja skuli sameiginlegt félag verkfræðinga og tæknifræðinga á endurskipulögðu VFÍ sem
 - sé opið öllum verkfræðingum og tæknifræðingum
 - sé rekið á verkefnagrundvelli
 - sé skilgreint sem stéttarfélag í skilningi laga
 - hafi formann sem verði jafnframt starfsmaður félagsins
- Nefndin leggur fram drög að lögum fyrir endurskipulagt VFÍ.
- Nefndin leggur til að næstu skref verði þessi:
- Á vormánuðum 2005 og fram eftir hausti verði efnt til umræðu í félögunum um framtíð félagsstarfsins
- Umræðan verði á opnum vettvangi í öllum félögunum sameiginlega
- Í Verktækni fari fram ítarleg kynning á kostum og göllum sameiningar. Nefndarmenn eru tilbúnir til að vinna að þessu verkefni með greinaskrifum, en eðlilegt er að ritstjóri Verktækni leggi þessu máli einnig lið með því að afla sem víðtækasta sjónarmiða. Í það minnsta 5-6 tölublöð verði lögð undir þessa umræðu
- Félagsmenn í VFÍ gangi til allsherjaratkvæðagreiðslu í október 2005 um nýjan lagaramma fyrir endurskipulagt VFÍ
- Félagsmenn í SV og TFÍ gangi í VFÍ

Inngangur

Sumarið 2003 skipuðu SV, TFÍ og VFÍ samstarfsnefnd til að kanna möguleika á sameiningu félaganna. Nefndin skilaði niðurstöðu í desember sama ár og mælti eindregið með sameiningu. Niðurstöður nefndarinnar voru kynntar á almennum félagsfundum í öllum félögunum, en engin sameiginleg umræða fór fram. VFÍ og TFÍ réðust í að gera skoðanakönnun innan félaganna þar sem spurt var "Telur þú að stefnt skuli að sameiningu verkfræðinga og tæknifræðinga í eitt félag, sem hafi það að markmiði að gæta hagsmuna félagsmanna í hvívetna?". Niðurstöður voru þessar:

	Svara	Með	Móti
VFÍ	35%	61%	31%
TFÍ	49%	94%	3%

Í framhaldi af þessari vinnu ákváðu félögin að skipa nýja nefnd sem hefði það hlutverk að gera tillögu að uppbyggingu og skipulagi eins sameiginlegs félags í stað þessara þriggja félaga. Með verkefnistilskipun dagsettri þann 21.

október 2004 var nefndarmönnum tilkynnt um stofnun nefndarinnar og þeir formlega skipaðir í hana og eru þeir:

Arnar Gestsson	SV	formaður
Guðjón Aðalsteinsson	VFÍ	
Gústaf Adolf Hjaltason	TFÍ	
Jóhanna Harpa Árnadóttir	SV	
Jóhannes Benediktsson	TFÍ	
Snæbjörn Jónsson	VFÍ	

Nefndin kom saman á nokkrum fundum frá byrjun nóvember 2004 og fram í janúar 2005. Auk þessa unnu nefndarmenn milli funda eftir því sem við átti. Í þessu álitu eru niðurstöður vinnunnar tíundaðar.

Sýn á framtíðina

Undanfarin ár hefur það umhverfi, sem verk- og tæknifræðingar lifa og hrærast í, tekið miklum breytingum. Námsbrautum hefur fjölgað og þær samtönnast, nýir skólar skotið upp kollinum og skólar að sameinast. Jafnframt verður æ algengara að bakgrunnur þeirra sem sækja tæknifræðinám og verkfræðinám sé stúdentspróf en iðnaðarmenn eru einnig fjölmennir í tæknifræðinámi. Með tilkomu fjölbrautaskóla gefst færi á að útskrifast með stúdentspróf ásamt iðnmenntun. Atvinnumarkaðurinn er orðinn breiðari og nú starfar fólk með verk- og tæknifræðimenntun í mun fleiri geirum atvinnulífsins en áður var. Verkfræðingar eru sem dæmi orðnir áberandi í stjórnunar- og sérfræðingsstöðum í fjármálastofnunum.

Allt þetta leiðir óhjákvæmilega til breytinga á forsendum tilvistar þeirra félaga sem unnið hafa að hagsmunum og áhugamálum verk- og tæknifræðinga. Í ljósi þessa er einsýnt að félög verk- og tæknifræðinga verða að geta þjónað félagsmönnum sínum jafnvel og í raun betur í breyttu umhverfi. Það liggur fyrir að hagsmunum félagsmanna sé sem best borgið með sameiningu félaganna (SV, TFÍ og VFÍ) í eitt. Félagið hefði það að leiðarljósi að þjóna félagsmönnum í hvívetna en ekki að varpa ábyrgð yfir á eitthvert annað félag.

Til þess að hafa þann slagkraft og sýnileika sem stéttin þarf verður félagið að vera stórt og öflugt. Með sameiningu fæst tiltölulega stórt félag en það verður ekki öflugt nema að það höfði til hagsmuna og þarfa félagsmanna. Sé horft til framtíðar er það lykilatriði að skipulag félagsins sé sveigjanlegt og unnt sé að móta starfsemina að þörfum félagsmanna á hverjum tíma. Vinni félagið sýnilega að hagsmunum félagsmanna munu þeir samsvara sig félaginu og sjá ríkarí ástæðu til að ganga til liðs við það.

Í nútíma þjóðfélagi hefur samskiptatækni tekið undraverðum breytingum sem m.a. hefur gert fólki kleyft að taka þátt í eða hafa áhrif á atburði á fjarlægum stöðum. Þessi tækni á að geta nýst framsæknu félagi til að koma betur til móts við þarfir félagsmanna sinna. Með þessu móti er auðveldara í dag að virkja félagsmenn til þátttöku í starfi félagsins heldur en áður. Þannig má varpa málum í dóm félagsmanna með auðveldum hætti og fá niðurstöðu innan tiltölulega skamms tíma. Auk þess gerir þessi nýja tækni aðgengi að félaginu auðveldari en áður og minnkar áhrif þess að búa fjarri höfuðstöðvum eða meginstarfsemi félagsins.

Fyrir tæplega 100 árum síðan kom 13 manna hópur verkfróðra manna saman til að stofna Verkfræðingafélag Íslands. Voru félaginu sett lög og segir þar um tilgang félagsins:

2. gr. Tilgangur fjelagsins er að efla fjelagslyndi meðal verkfróðra manna á Íslandi og álit vísindalegrar menntunar í sambandi við verklega þekkingu, að gæta hagsmuna stjóttarinnar í hvívetna og styrkja stöðu hennar í þjóðfjelaginu. Tilgangi sínum leitast fjelagið við að ná með því að halda fundi með fyrirlestrum og umræðum, og þess utan á hvern þann hátt, sem heppilegur þykir á hverjum tíma til eflingar þessum eða þvílíkum tilgangi.

Það má því segja að í 100 ár hafa grunnmarkmiðin ekki breyst. Hins vegar hefur umhverfið breyst og nýjar aðferðir þarf til að ná markmiðunum. Ef til vill er þessi grein nógur rökstuðningur þess að stéttin sameinist að nýju undir nafni Verkfræðingafélags Íslands.

Hvers vegna endurskipulagt VFÍ ?

Nefndin leggur til að sameinað framtíðarfélag verk- og tæknifræðinga verði Verkfræðingafélag Íslands, VFÍ. Margar ástæður eru fyrir því að nefndin telur þessa leið vænlegasta:

- Segja má að VFÍ eigi “hefðarrétt” á þessu hlutverki þar sem félagið var eina félag “verkfróðra” manna um 40 ára skeið. SV var stofnað sem deild í VFÍ 1954 og TFÍ var stofnað 1960.
- VFÍ er þekktast félaganna þriggja út á við og því er vænlegt að byggja á því orðspori.
- Verkfræðingahús er í eigu VFÍ og við því eignarhaldi verður vart hróflað.
- Skilgreina verður VFÍ sem stéttarfélag í skilningi laga til þess að það geti tekið við því hlutverki sem SV og KTFÍ hafa núna.
- Beita má í auknum mæli “gagnvirkum” aðferðum til að auðvelda aðkomu almennra félaga að stefnumótun félagsins og að gera verkefni, sem félagið hefur með höndum, gegnsærri.

Með beitingu nýrrar tækni má auka vægi sérhvers félagsmanns í ákvörðunartöku í félaginu og varpa öllum mikilvægari málum í dóm félagsmanna. Ennfremur þarf félagið að hafa frumkvæði að því að einfalda aðgengi félagsmanna að starfsemi eftir því sem kostur er. Minnka þarf sem mest áhrif af því hvar félagsmaðurinn er staddur og hvenær hann nýtir sér þjónustuna.

Nefndin hefur sett saman drög að lagaramma fyrir endurskipulagt VFÍ sem fylgir með í viðauka I. Nefndin leggur áherslu á að þessi lagarammi verði einfaldur í sniðum og verði eins konar “stjórnarskrá” félagsins. Þetta er gerlegt vegna þess að stefnt skal að því að verkefni félagsins verði samþykkt af félagsmönnum og hafi því ígildi laga- eða reglugerða fyrir hvert starfsár.

Markmið félagsins

Eins og áður segir eru þau markmið, sem fyrir 100 árum voru sett fyrir “félag verkfróðra manna” enn í fullu gildi sem markmið sameinaðs félags verk- og tæknifræðinga. Þó er rétt að hnykkja á nokkrum atriðum sem varða stöðu félagsins sem stéttarfélags í skilningi laga.

- Félagið veitir launþegum, sjálfstætt starfandi og stjórnendum þjónustu á sviði kjaramála. Ráðgjöf og rannsóknir á atvinnumarkaði stéttarinnar eru snar þáttur í þessu starfi.

- Þar sem öll starfsemi félagsins er með einum eða öðrum hætti hagsmunabaráttu þá er þörf á góðu skipulagi til komast hjá árekstrum á milli viðfangsefna.
- Félagið er bæði fagfélag og stéttarfélag í skilning laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Þeirri starfsemi sem telst hefðbundið verksvið stéttarfélaga skal skapað tilskilið sjálfstæði til að uppfylla kröfur laga vegna vinnu við gerð kjarasamninga, boðun vinnustöðvana o.s.frv.
- Öll norræn félög verkfræðinga og tæknifræðinga utan Íslands eru með það fyrirkomulag að stéttarfélag og fagfélag er undir einum hatti. Sama er að segja um eitt virtasta félag háskólamenntaðs fólks á Íslandi, Læknafélag Íslands [LÍ] og nokkur önnur sambærileg félög.
 - Hjá LÍ er eitt félagsgjald og allir greiða sama gjaldið. Félagsgjaldið er notað til að standa straum af allri fagstarfsemi og stéttarfélagsstarfsemi auk þess sem 10% félagsgjalds rennur til „aðildarfélaga“, sem eru aðallega svæðisfélög. Sérgreinafélög eru einnig starfandi og hafa þau sum hver sérstakt félagsgjald sem er stillt mjög í hóf, enda fá þau aðstöðu og þjónustu innan móðurfélagsins.
 - Félagsgjald LÍ stendur m.a. straum af kostnaði við lögfræðiaðstöð, svo framarlega sem aðstoðin felst í túlkun kjarasamninga eða öðru slíku en ekki því sem talist getur einkadeilur félagsmanna við vinnuveitendur.
 - Þeim hluta starfsemi LÍ sem telst stéttarfélagsstarfsemi er ekki markaður sérstakur tekjustofn, heldur er gerð fjárhagsáætlun á hverju ári. Nokkuð er misjafnt hversu miklu er varið í þann málaflökk, allt eftir því hvort kjarasamningar, málarekstur og þess háttar er í gangi.
 - LÍ er ekki aðeins stéttarfélag og fagfélag, heldur einnig atvinnurekendafélag. Hér er um það að ræða að eitt aðildarfélagið, Læknafélag Reykjavíkur, sér um samningsgerð fyrir hönd sjálfstætt starfandi lækna við Tryggingastofnun Ríkisins.
 - LÍ hefur að nokkru leyti innan sinna vébanda félagsmenn sem hafa mismunandi hagsmuni, svo sem unglæknar – yfirlæknar, skurðlæknar – lyflæknar, sérfræðingar – heimilislæknar.
 - LÍ hefur innan sinna vébanda félagsmenn með mismunandi menntun, þ.e. lækna án sérfræðináms með 5-6 ára nám og sérfræðilækna með 10-15 ára nám.
 - Að sögn framkvæmdastjóra LÍ hafa ofangreind atriði ekki skapað vandamál innan félagsins, þar á bæ er hefð fyrir því að láta sameiginlegu hagsmunina hafa forgang umfram það sem ekki er samstaða um. Þetta hefur oft verið erfitt, en skilar stéttinni miklu.

Félagsmenn

Það er eindregið álit nefndarinnar að stefnt skuli að því að sameina í einu félagi alla þá einstaklinga sem eiga samleið á grundvelli menntunar og atvinnumarkaðar. Þessi tvö atriði, menntun og atvinna, eru svo nátengd að ekki verður skilið þar á milli.

- Atvinnulegir hagsmunir er langstærsta einstaka hagsmunamál félagsmanna.
 - Hverjir eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta? Hvað er stétt? Hvort er þyngra á vogarskálum að (4 ára+) nám verk- og tæknifræðinga var nokkuð mismunandi eða að atvinnumarkaður þessara hópa er stærstum hluta sameiginlegur (í 40 ár+) ?
Verkfræðingar og tæknifræðingar eru ein stétt! En menntunin er mismunandi.
- Rétt til inngöngu eiga allir þeir sem lokið hafa minnst þriggja ára námi á námsbraut í verkfræði við viðurkenndan háskóla
 - “Félögin viðurkenna að tæknifræðináms og verkfræðináms sé hvort tveggja af sama meidi. Því er eðlilegt að flokka tæknifræðináms sem námsbraut í verkfræði.”
(Stefna TFÍ og VFÍ í menntunarmálum tæknifræðinga og verkfræðinga).

- Verkfræðistúdentar eiga rétt til inngöngu sem aukafélagar.
- Í núverandi félögum er u.þ.b. 2500 manns. Ætla má að 15-25% þeirra sem rétt eiga til inngöngu séu ekki í núverandi félögum. Alls ætti því VFÍ að geta náð til 3000 manns.

Skipulag

Nefndin leggur áherslu á að félagið verði rekið á verkefnagrundvelli. Það mundi auðvelda mjög sameiningu félaganna að þau geti í raun komið inn með sín verkefni og fundið þeim stað á verkefnalista félagsins. Jafnframt verður þó að samþætta starfsemi félaganna þannig að úr verði eitt vel skipulagt félag.

- Félagið skal rekið á verkefnagrundvelli, sem bundinn er í stefnumörkun félagsins á hverjum tíma. Verkefni skulu hafa ákveðna tekjustofna.
 - Varla getur nokkrum blandast hugur um það að nútímarekstur fyrirtækja, stofnana og jafnvel heimila er byggður á verkefnagrunni. Spurt er hvað er gert og hvað það kosti en ekki hver vinni verkið né hvar.
 - Það er erfitt nema fyrir innvígða að átta sig á umfangi starfsemi félaganna eins og rekstri þeirra er háttað í dag. Flókin og samtvinnuð verkefni eru oft arfur frá fyrri tíma, sem haldið er áfram með án þess að markmiðin séu skýr né hvað sé ásættanlegur árangur
 - Ekki er hægt að veita fé í verkefni án samþykkis á fjárhagsramma.
- Félagið byggir á beinu lýðræði félagsmanna. Allri stefnumörkun félagsins skal skotið til almennrar atkvæðagreiðslu (allsherjaratkvæðagreiðslu) sem fari fram samhliða venjubundinni kosningu til stjórnar
 - Með árlegri og almennri dreifingu á stuttu en ítarlegu yfirliti yfir starfsemi félagsins ásamt starfáætlun og verkefnaskiptingu komandi starfsárs munu félagsmenn finna til ábyrgðar og samkenndar sem mun skapa félaginu góða ímynd meðal félagsmanna
 - Þar sem öll stefnumörkun félagsins er samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu þá má líta svo á (eða beinlínis að setja það í lög félagsins), að stefnumörkunin hafi lagaígildi
 - Einn megintilgangur þess að beina allri stefnumótun til almennrar kosningar meðal félagsmanna er sá að upplýsa félagsmenn sem best um starfsemi félagsins og gefa þeim kost á að koma að mótun starfseminnar án þess að þurfa á mæta á ákveðnum stað á ákveðnum tíma eins og hefðbundna aðalfundarformið krefst.
 - Beinu lýðræði er fullnægt með allsherjaratkvæðagreiðslu. Með tilvísun í meðferð skattframtala á síðari árum geta þessar atkvæðagreiðslur verið ýmist í formi póstkosninga eða rafræna kosninga. Ætla má að félagsmenn muni frábíðja sér pappír og nota síðara formið.
- Ársþing skulu haldin til þess að ræða starfsemi félagsins og kynna tillögur að stefnumörkun. Allir félagsmenn hafa rétt til setu á ársþingum.
 - Markmiðið með ársþingi félagsins er kynna starf tæknimanna og starfsemi félagsins jafn út á við sem inn á við. Þetta verður best gert með framsæknu (tveggja daga) ársþingi þar sem fjallað væri um samfélagsmál tengd starfi tæknimanna og stefnumótandi fundi fyrir starfsemi félagsins. Dagskráin gæti verið þessi:
 - Ráðstefna um tækniþróun, umhverfismál, menntun o.s.frv.
 - Ársfundur félagsins (skýrslur stjórnar og nefnda ásamt tillögum)
(Árshátíð gæti fylgt í kjölfarið)
 - Ársþingið er "uppskeruhátíð" þar sem árangur að verkefnum félagsins er kynntur ásamt tillögum að verkefnum næsta starfsárs.
 - Framboðsfresti til stjórnar lýkur, þegar ársþingi er slitið. Frambjóðendum gefst því tækifæri til að kynna sig og stefnumál sín á ársþingi
- Stjórn skal skipuð formanni og 6 meðstjórnendum eins og verið hefur.


Meðstjórnendur skulu kosnir til 2ja ára

- Meðstjórnendur geta boðið sig fram til endurkjörs eins oft og þá lystir. Það hlýtur að vera félaginu til framdráttar að njóta reynslu og starfskrafta meðstjórnenda sem lengst
- Nefndin tekur ekki afstöðu til aðal- og varamanna í stjórn
- Formaður, sem jafnframt yrði starfsmaður félagsins og forstöðumaður þess í hvívetna, skal kosinn til 4 ára í senn.
 - Formaður félagsins er talsmaður sjónarmiða félagsins og foringi í starfi þess. Formaður verður því að búa að þekkingu, reynslu og viðkyrningu jafnt utan félags sem innan
 - Styrk og sýnileg forysta er félaginu mjög mikilvæg til þess að ná markmiðum sínum til lengri og skemmri tíma. Ör skipti formanna eru ekki til þess fallin að skapa traust innan félags né utan
 - Formennska í 2500 manna félagi er fyrst og fremst sérfræðistarf og það er ekki hægt ætlast til þess, að því sé sinnt í hjáverkum
- Stjórn félagsins fer með eftirlit og rekstur þeirra verkefna sem félagið hefur á málefnskrá sinni á hverjum tíma. Stjórnin getur skipað sérstakar nefndir til til að vinna að afmörkuðum verkþáttum.

Verkefni félagsins

Markmið félagsins er flókið og umfangsmikið og þess vegna er nauðsynlegt að skipta því upp í verkefni, sem hægt er að vinna að á skipulegan og gegnsæan hátt.

- Verkefni skulu endurspegla hagsmuni félagsmanna í víðtækum skilningi á hverjum tíma.
- Félagið skal marka sér stefnu til lengri eða skemmri tíma og veita ákveðnum fjármunum til hvers verkefnis.
- Verkefnaskipting félagsins skal kynnt félagsmönnum og samþykkt af þeim. Félagsmenn ættu þannig að vera vel upplýsir um starfsemi félagsins.
- Stjórn, nefndir, starfsmenn og aðkeyptir aðilar vinna að verkefnum félagsins eftir atvikum. Unnið skal að úrlausn verkefna á faglegan og hagkvæman hátt.
- Kjaramál fjallar um málefni sem snerta launþega sérstaklega s.s.



samningsgerð fyrir stærri hópa, aðstoð við ráðningarsamninga og úrlausn ágreiningsefna.

- Markaðsrannsóknir fjallar um kjarakannanir, greiningu á stöðu og sóknarfærum félagsmanna sem einstaklinga og greinarinnar í heild og greiningu á þörfum þjóðfélagsins fyrir menntun og starfskrafta stéttarinnar.
- Markaðssetning fjallar um kynningu á störfum og hæfni stéttarinnar, kynningu meðal félagsmanna og þjálfun í þáttum, sem lúta að auknum verkefnum og bættu hlutskipti félagsmanna.
- Fag-, klúbb- og landshlutadeildir fást við fræðslustarf og félagslega þáttinn í markmiðum félagsins.
- Próun félagsins snýst um stefnumótun félagsins til lengri tíma s.s. störf nefnda, upplýsingaöflun, markaðssetningu félagsins sjálfs og almenna “endurhæfingu”.
- Pólitískt bakland er “lobbíismi” í viðtækum skilningi og er sett hér fram til að minna á mikilvægi þess að félagið geri sig gildandi í málefnum sem lúta að hagmunum stéttarinnar á vettvangi þjóðfélagsumræðunnar.
- Skrifstofa er almenn umgjörð um starfsemi félagsins. Starfsmenn félagsins mundu almennt skráðir beint á verkefni.
- Símenntun fjallar um sí- og endurmenntun félagsmanna. Félagið beiti sér fyrir því að félagsmenn eigi kost á símenntun á vegum félagsins til að auka þekkingu sína og faglega hæfni. Viðleitni tæknimanna til að auka hæfni sína er liður í starfsöryggi þeirra.

Kjaramál

- Félagið vinnur að því að félagsmenn hafi ávallt hæstu laun háskólamenntaðra stétta.
- Félagið stendur fyrir gerð kjarasamninga við alla trúverðuga viðsemjendur.
- Félagsmenn geta sótt til félagsins aðstoð við gerð ráðningarsamninga, starfsþróun, uppsögn og túlkun almennra kjaraatriða.
- Styðja verður sérstaklega við bakið á nýliðum í stéttinni. Lág byrjunarlaun eru upphafið að lækkuðum launum stéttarinnar í heild.
- Félagið vinnur að jafnrétti til launa og starfa.
- Félagið vinnur gegn félagslegri einangrun og einelti á vinnustöðum. Félagið hvetur til vinnuverndar og hollra lífshátta.
- Menntun og hæfni verk- og tæknifræðinga er grunnforsenda fyrir jákvæðri kjarapróun stéttarinnar. Löng og krefjandi skólaganga ásamt kerfjandi verkefnum verður að borga sig.

Markaðsrannsóknir og markaðsetning

- Félagið stendur fyrir gerð kjarakannana og rannsóknum á launum sambærilegra stétta.
- Félagið miðlar til félagsmanna upplýsingum um kaup og kjör m.a. með birtingu markaðslaunatöflu.

- Félagið kannar atvinnuástand og -horfur og kemur þeim upplýsingum á framfæri við félagsmenn og þjóðfélagið. Minna má á að verk- og tæknifræðingar eru hlutfallslega færri á Íslandi en í viðmiðunarlöndum.
- Félagið fylgist með nýliðun í stéttinni með samvinnu við skóla og stúdenta. Mikilvægt er að nýliðum sé kunnugt um hvernig “kaupin ganga fyrir sig á eyrinni” áður en þeir koma út á markaðinn.
- Félagið beitir áhrifum sínum við menntastofnanir til þess að menntun tæknimanna sé eftirsótt og auðseljanleg.
- Breyttir þjóðfélagshættir og menntun annarra stétta gera það að verkum að aðrar stéttir s.s. iðnaðarmenn og tæknar sækja í störf, sem skipuð hafa verið verkfræðingum og tæknifræðingum. Sömuleiðis sækja lögfræðingar, hagfræðingar og viðskiptafræðingar í störf, sem áður hafa verið “eyrnamerkt” verkfræðingum og tæknifræðingum.
- Félagið hvetur félagsmenn sína til nýsköpunar og stofnunar sprotafyrirtækja.

Fagdeildir, klúbbdeildir og landshlutadeildir

- Félagið hvetur til stofnunar fagdeilda, –klúbba eða -hópa um sértæk fagleg málefni eða áhugasvið. Auðvelt er að sjá fyrir sér a.m.k. 20 slíka klúbba eða deildir.
- Markmið faghópa er að koma á viðkynningu og tengslaneti milli félagsmanna til þess að miðla þekkingu og auðvelda félagsmönnum að taka virkan þátt í móta umræðu og þróun á viðkomandi fagsviði.
- Í ljósi þess að hinar þrjár hefðbundnu línur verkfræðinnar (B, V, R) eru orðnar svo breiðar og sérhæfing að sama skapi mikil í störfum félagsmanna er æskilegt að faghópar verði í raun þvert á núverandi fagdeildaskiptingu félaganna til þess að tæknimenn í óhefðnu starfi eigi sinn heimavettvang.
- Faghópar gætu tekið virkan þátt í endur- og símenntunar starfsemi félagsins.
- Klúbbdeildir fást einkum málefni sem snerta frístundir (golf, bridge) eða lífsins lystisemdir (vínsmökkun, síldarátt).

Þróun félagsins

- Félagið verður að móta sér stefnu í helstu málaflokkum sem snerta menntun og störf félagsmanna. Nefna má stefnu í menntamálum, kjaramálum, umhverfismálum, jafnréttismálum, rannsóknastarfssemi og styrkjakerfi á því sviði, útflutningi á tækniþekkingu og markaðsmálum útflutnings, siðfræði o.s.frv.
- Félagið mun varla eiga aðkomu að málum sem það hefur ekki mótað stefnu um. Þegar upp kemur einhver umræða, sem snertit stéttina, þá geta forsvarsmenn félagsins gripið inn í atburðarásina / umræðuna með stefnu félagsins að vopni.
- Lifandi félag sem sífellt leitast við að vera í sókn í stað þess að vera í vörn er vísasta leiðin til þess að ná markmiðum félagsins.

- Það er félaginu afar mikilvægt að sækja þekkingu og reynslu til systurfélaga og alþjóðastofnana til þess að geta haft áhrif á þróun mála
- Að stýra stóru félagi langskólagengins fólks er ekki starf, sem unnið er í hjáverkum. Formaður verður því að vera starfsmaður félagsins, vegna þess að embættismenn félagsins geta aldrei komið í stað kjörins stjórnanda.
- Félagið verður ávallt að gæta þess, að starfsemi þess höfði til félagsmanna og að verkefni þess og verklag séu í takt við tímann. Félagið má aldrei gera það að markmiði að viðhalda sjálfu sér.

Pólitískt bakland

- Tækni og menntun hefur afgerandi þýðingu fyrir velferð og þróun samfélagsins. Hæfni þjóðfélagsins til að bregðast við ytri og innri breytingum er nátengd tækni.
- Tæknipekking er forsenda nútímalífshátta og þróunar atvinnulífs. Félagið leitar eftir samstarfi við valdhafa í atvinnulífi og á sviði þjóðmála í því skyni að vinna að tækniframförum í þjóðfélaginu.
- Félagið stefnir að því að vera sjáanlegt og hafa áhrif. Félagið vinnur að því að kynna og taka þátt í umræðum um menntun, rannsóknir, tæknipróun, upplýsingatækni, jafnrétti, vinnuvernd og umhverfismál.
- Menntun og hæfni stéttarinnar skiptir atvinnulífið og þjóðfélagið miklu máli. Hvort heldur tæknimenn eru frumkvöðlar að innleiðingu nýrrar tækni eða taka þátt í umræðu og framkvæmdum, þá er stéttin mikilvægur þátttakandi í framþróun á þessu sviði.
- Alþjóðavæðing skapar bæði sóknarfæri og ógnanir. Félaginu er mikilvægt að geta haft áhrif á þróun mála með þátttöku í alþjóðlegri samvinnu.

Símenntun

- “Félögin telja, að ekki nægi að byggja starfsferil tæknimanna (tæknifræðinga og verkfræðinga) eingöngu á formlegu tæknifræði- eða verkfræðiprófi, sem lokið er við upphaf starfsferils. Því verði stefnt að því að tryggja, að tæknimenn eigi vól á endurmenntun og að þeir geti stundað reglulega og vel skipulagða símenntun, samhliða starfsferli sínum og svo lengi sem þeir kjósa til að viðhalda faglegru endurnýjun.”
(Stefna TFÍ og VFÍ í endurmenntunarmálum tæknifræðinga og verkfræðinga).
- Félagið stendur vörð um æðri tæknimenntun í landinu. Félagið verður því málshefjandi og þátttakandi í umræðum um þennan málaflokk.
- Félagið verður að tengja sig með skýrari og beinni hætti en verið hefur – þetta er ekki málaflokkur, sem félagið framvísar í heildu lagi á einhvern aðila úti í bæ. Boðið verður upp á námskeið í húsi félagsins í samvinnu við einstök fyrirtæki og stofnanir.
- Félagið skal leitast við að tæknimenn hafi úr nægu framboði námskeiða að velja hjá félaginu, háskólum, skólum atvinnulífsins og öðrum aðilum.
- Samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar TFÍ frá 2001 telja félagsmenn (28%) TFÍ að aðalviðfangsefni TFÍ eigi að vera endurmenntun næst á eftir kjaramálum. Svipuð niðurstaða var hjá VFÍ.

Tekjur félagsins

- Samkvæmt ársreikningum félaganna fyrir 2003 voru samanlagðar tekjur

	SV	TFÍ	VFÍ	Sameinað
Tekjur				
Félagsgjöld	11,9	16,6	13,6	42,1
Annað	5,6		4,1	9,7
Alls	17,5	16,6	17,7	51,8
Gjöld (helstu liðir)				
Laun	10,2	5,7	6,8	22,7
Húsnæði	3,0	1,7	2,1	6,8
Skrifstofa		1,9	2,5	4,4
Útgáfa	1,0	1,5	1,4	3,9
Kjarakönnun	1,1	0,4		1,5
Lögfræðikostnaður	1,6	0,5		2,1
Alls	16,9	11,7	12,8	41,4

um 50 milljónir. Laun, húsnæði, rekstur skrifstofu og útgáfa voru samtals 38 milljónir eða 76% af tekjum.

- Séu tekjur af félagsgjöldum reiknaðar til fullgreiddra félagsgjalda kemur í ljós, að í TFÍ og VFÍ virðist vera nokkur fjöldi félagsmanna (30%) sem greiða lítið til félaganna.

	SV	TFÍ	VFÍ	Sameinað
Félagsmenn				
Fjöldi	920	900	1100	2920
Félagsgjald	14.400	23.500	18.000	
Fullgreiðandi	826	706	756	2288
% fullgreiðandi	90%	78%	69%	78%

Félagsgjald VFÍ var 19.000 en 17.000 fyrir þá sem einnig voru í SV
Um 450 manns eru bæði í SV og VFÍ

- Framtíðartekjur VFÍ af félagsgjöldum gætu verið á bilinu 60 – 100 milljónir. Er þá reiknað með að mjög hóflegum félagsgjöldum (25.000) í upphafi, en aukinn félagafjöldi og þróttmikil starfsemi gæfu möguleika á auknum tekjum.
- VFÍ hefur einnig tekjur af rekstri verkefna s.s. af umsýslu við vörslu sjóða, ráðstefnu- og námskeiðahaldi, útleigu á húsnæði og sértækri þjónustu við félagsmenn og önnur félagssamtök. Búast má við 5 – 20 milljónum í sértekjur.

Niðurstaða

Það er álit nefndarinnar, að stefnt skuli að því að sameina félögin þrjú undir nafni Verkfræðingafélags Íslands í kjölfar endurskipulagningar. Þetta verði gert með því, að félagsmenn í SV og TFÍ gangi til liðs við VFÍ.

Nefndin leggur fram drög að lagaramma félagsins, sem skilgreinir markmið félagsins og skipulag. Nefndin telur mikilvægt að marka félaginu einfaldan lagaramma, en láta stefnuýfirlýsingar í einstökum málaflokkum og verkefni félagsins endurspeglar stefnu og áherslur á hverjum tíma. Slíkar samþykktir munu hafa ígildi laga.

Nefndin er þeirrar skoðunar að félagið skuli rekið á verkefnagrunni. Verkefni skulu vera skýrt afmörkuð til að auka gegnsæi starfsemi félagsins. Marka skal verkefnum ákveðinn fjárhagsramma, því fjárframlagið til einstakra verkefna er í raun mælistika á mikilvægi þeirra. Öll verkefni fara síðan í almenna atkvæðagreiðslu.

Til þess að gera félagið öflugt og trúverðugt út á við er það mat nefndarinnar að formaður félagsins verði að vera foringi þess í hvívetna og tvímælalaust í fullu starfi hjá félaginu á meðan hann er til þess kjörinn.

Nefndin álitur að efna eigi til ársþings um starf félagsins í stað hinna hefðbundnu aðalfunda. Ársþingið er samráðsvettvangur og skipulagsþing þar sem menn njóta uppskeru undanfarins árs og sá til þess næsta. Að loknu ársþingi eru stjórnarkjör, stefnumál og verkefni borin undir félagsmenn í almennri atkvæðagreiðslu. Innan tveggja vikna frá lokum ársþings liggja niðurstöður fyrir og ný stjórn með ný markmið getur hafist handa við næsta starfsár.


Nefndin telur brýnt að efnt verði til umræðu um stefnumótun til framtíðar í félögunum þremur. Kannanir hafa sýnt að það er víðtækur vilji til sameiningar og það er tímabært að fá fram bindandi vilja félagsmanna í þessu efni. Það er þó mikilvægt að gefa tíma til almennrar umræðu og sjá hversu mörg og mismunandi sjónarmiðin verða. Nefndin leggur til að næstu skerf verði þessi:


- Á vormánuðum 2005 og fram eftir hausti verði efnt til umræðu í félögunum um framtíð félagsstarfsins
- Umræðan verði á opnum vettvangi í öllum félögunum sameiginlega
- Í Verktækni fari fram ítarleg kynning á kostum og göllum sameiningar. Nefndarmenn eru tilbúnir til að vinna að þessu verkefni með greinaskrifum, en eðlilegt er ritstjóri Verktækni leggi þessu máli einnig lið með því að afla sem víðtækastra sjónarmiða. Í það minnsta 5-6 tölublöð verði lögð undir þessa umræðu
- Félagsmenn í VFÍ gangi til allsherjaratkvæðagreiðslu í október 2005 um nýjan lagamma félagsins samkvæmt þeim megindráttum sem að framan greinir
- Félagsmenn í SV og TFÍ gangi í VFÍ


Verkfræðingahúsi í Reykjavík, 27.01.2005



Arnar Gestsson, SV


Jóhanna Harpa Árnadóttir, SV


Guðstað Adolf Hjaltason, TFÍ


Jóhannes Benediktsson, TFÍ


Guðjón Aðalsteinsson, VFÍ


Snæbjörn Jónsson, VFÍ

Lög Verkfræðingafélags Íslands

DRÖG

Nafn

1. gr. Félagið heitir Verkfræðingafélag Íslands, skammstafað VFÍ, og hefur aðsetur í Reykjavík.

Markmið félagsins

2. gr. Markmið félagsins er að veita félagsmönnum þjónustu á sem flestum sviðum, sem snerta einstaklingshagsmuni, hagsmuni stéttarinnar í heild og hagsmuni þjóðfélagsins.

Félagið vinnur að markmiðum sínum með því:

- að efla verkfræðilega og vísindalega þekkingu félagsmanna,
- að auka gagnkvæm kynni félagsmanna,
- að stuðla að tæknipróun í landinu,
- að standa vörð um æðri tæknimenntun,
- að auka álit verkfræðilegrar og vísindalegrar menntunar,
- að auka þekkingu og skilning á starfi verkfræðinga,
- að vinna að bættum kjörum verkfræðinga,
- að gæta hagsmuna stéttarinnar í hvívetna.

Félagið vinnur að bættum kjörum félagsmanna sinna skv. lögum nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur og á hvern þann hátt, sem landslög leyfa. Í þessu skyni vill félagið láta til sín taka launamál sem og önnur kjör félagsmanna. Félagið kemur fram sem samningsaðili um kaup og kjör.

Félagsmenn

3. gr. Félagsmenn geta orðið þeir, sem lokið hafa viðurkenndri prófgráðu í verkfræði, svo og þeir, sem lokið hafa viðurkenndri háskólaprófgráðu í þeim vísindagreinum, sem verkfræðin byggist á (eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði o.fl.).

Nemar í verkfræði geta orðið aukafélagar.

Réttindi og skyldur

4. gr. Félagar hafa rétt til að taka þátt í starfi félagsins og krefjast þjónustu í samræmi við markmið þess á hverjum tíma.

Aukafélagar hafa ekki atkvæðisrétt né rétt á setu í stjórnnum.

5. gr. Félagsmönnum er skylt að fara eftir lögum félagsins, siðareglum og öðrum samþykktum þess.

6. gr. Úrsögn úr félaginu skal tilkynnt stjórn félagsins skriflega.

7. gr. Brjótí félagsmaður gegn skyldum sínum við félagið, getur stjórn þess veitt honum áminningu eða lagt til, að honum verði vikið úr félaginu. Til að slík tillaga teljist samþykkt, þarf hún að hljóta staðfestingu síðanefndar.

Skiplag og stjórn

8. gr. Félagið er rekið á verkefnagrundvelli, sem bundinn er í stefnumörkun félagsins á hverjum tíma. Verkefni skulu hafa ákveðna tekjustofna.

9. gr. Félagið byggir á beinu lýðræði félagsmanna. Allri stefnumörkun félagsins skal skotið til beinnar atkvæðagreiðslu félagsmanna (allsherjaratkvæðagreiðslu).

10. gr. Ársþing skulu haldin til þess að ræða starfsemi félagsins og kynna tillögur að stefnumörkun. Allir félagsmenn hafa rétt til setu á ársþingum. Ársþing skal fara fram fyrir 15. maí hvers árs.

11. gr. Stjórn skal kosin með beinni kosingu félagsmanna (allsherjaratkvæðagreiðslu). Hana skipa formaður ásamt 6 meðstjórnendum. Formaður, sem jafnframt er starfsmaður félagsins og forstöðumaður þess í hvívetna, er kosinn til 4ra ára í senn, en aðrir stjórnarmenn til 2ja ára. Framboðsfrestur til stjórnar rennur út í lok ársþings.

12. gr. Stjórn félagsins fer með eftirlit og rekstur þeirra verkefna, sem félagið hefur á málefnskrá sinni á hverjum tíma. Stjórnin getur skipað sérstakar nefndir til til að vinna að afmörkuðum verkþáttum.

13. gr. Innan vébanda félagsins geta starfað fagdeildir, landshlutadeildir, klúbbdeildir og hagsmunadeildir.

Atkvæðagreiðslur

14. gr. Allsherjaratkvæðagreiðsla fer fram um alla stefnumörkun félagsins. Atkvæðagreiðslu skal ljúka eigi síðar en 2 vikum eftir útsendingu kjörgagna.

Auk þess má efna til allsherjaratkvæðagreiðslu um tiltekið málefni ef skrifleg ósk 50 félagsmanna berst. Að jafnaði þarf meirihluta greiddra atkvæða til samþykkis tillögu.

15. gr. Til breytinga á lögum og markmiðum félagsins þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða í allsherjaratkvæðagreiðslu.

Lokaákvæði

16. gr. Félaginu verður því aðeins slitið, að félagsslitin séu samþykkt á sama hátt og gildir um lagabreytingar.

Stefna Verkfræðingafélags Íslands í menntunarmálum verkfræðinga

1. Verkfræðingur: 5 ára nám. Félagið stefnir að því að setja nýjar lágmarkskröfur varðandi rétt fólks til að nota starfsheitið verkfræðingur, sem svari 150 einingum eða 5 ára námi við verkfræðideild háskóla eða við tækniháskóla. Þetta nám jafngildi meistaragráðu í verkfræði við tækniháskóla í Evrópu og Bandaríkjunum, sem félagið viðurkennir.

2. Tæknifræðingur: 3,5 árs nám. Félagið beiti sér fyrir því að hér á landi verði tekinn upp nýr námsáfangi í verkfræði, til starfsréttinda og sem undanfari að meistaránámi í verkfræði (verkfræðigráðu), sem svari 105 einingum eða 3,5 árs námi við verkfræðideild háskóla eða við tækniháskóla. Þetta nám veiti fólki rétt til að nota starfsheitið tæknifræðingur. Það jafngildi B.S. gráðu í verkfræði við tækniháskóla í Evrópu og Bandaríkjunum, sem félagið viðurkennir. Þeim sem lokið hafa þessu námi verði boðin aðild að félaginu.

3. Aukin áhersla á viðskipta- og markaðsgreinar. Leggja ber aukna áherslu á kennslu í viðskipta- og markaðsgreinum til þess að gera verkfræðinga hæfari til að takast á við öflun markaða fyrir verkfræðipækkingu. Þetta nám verði hluti af sameiginlegum grunni fyrir alla verkfræðinema.

4. Aukin áhersla á stjórnun. Kennslu í stjórnunargreinum ber að auka frá því sem nú er. Þetta á einkum við grunnnám byggingar- og rafmagnsverkfræðinema. Með auknum möguleikum verkfræðinga á að komast í stjórnunarstöður mun þekking þeirra komast betur til skila til hagsbóta fyrir atvinnulífið.

5. Grunngreinar samhliða verkfræðigreinum. Leggja ber áherslu á að hefja kennslu í verkfræðigreinum fyrr en nú er gert, jafnframt því sem grunngreinar flytjist að hluta síðar í námið. Þannig munu færri verkfræðinemar hverfa frá námi og grunngreinarnar nýtast betur og verða verkfræðingum tamari.

6. Samvinna við atvinnulífið. Nýta ber verkefnavinnu í verkfræðinámi í auknum mæli til að efla samvinnu við atvinnulífið. Á þann hátt munu verkfræðinemar kynnast raunverulegum aðstæðum í starfi verkfræðinga, kynnast takmörkunum og leitast við að leysa verkefni á hagkvæmasta hátt. Líkur eru á því að verkefnavinna geti leitt af sér atvinnutækifæri síðar.

7. Einstaklingsnámskeið. Í námi verkfræðinga verði boðið upp á þann möguleika að nemandi geti fengið metið til náms verkefni, sem unnin eru sjálfstætt, undir eftirliti kennara og gjarnan í tengslum við atvinnulífið.

8. Tækniháskóli Íslands. Félagið telur að æðra tækninámi á Íslandi verði best fyrir komið í sérstökum tækniháskóla, til þess að auka hagræðingu og skilvirkni. Tækniháskólanum verði ætlað það meginhlutverk að bjóða verkfræðimenntun er veiti fólki rétt til að nota starfsheitið tæknifræðingur og verkfræðingur.

9. Tengsl VFÍ og atvinnulífs við verkfræðimenntunina. Auka ber áhrif og ábyrgð atvinnulífsins á menntun verkfræðinga. Því skal stjórn verkfræðinámsins skipuð aðilum frá fagfélögum og atvinnulífinu.

10. Tæknibókasafn. Grunnforsenda fyrir öflugum rannsóknar- og þróunarstarfi á sviði tækni og verkfræði er að til sé í landinu tæknibókasafn er standist samjöfnuð við sambærileg söfn viðmiðunarskóla erlendis. Félagið mun vinna að þessu markmiði ásamt aðilum atvinnulífs og skóla.

11. Forkröfur til verkfræðináms. Skilgreindar verði forkröfur, sem uppfylla þarf til að geta hafið nám í verkfræði. Þannig munu framhaldsskólar geta skipulagt starf sitt betur og gert undirbúning nemenda fyrir háskólanám markvissari.

12. Lengra skólaár, styttri námstími. Breyttar forsendur í þjóðfélaginu kalla ekki lengur á vinnu skólafélks í sama mæli og áður. Þess vegna ber að lengja skólaárið og stefna að því að útskrifa verkfræðinga yngri en verið hefur. Stúdentsprófsaldur ber að lækka í 19 ár, eins og nefnd Alþingis hefur nú lagt til. Með þessu, ásamt skilvirkara verkfræðinámi, munu verkfræðinemar geta hlotið B.S. gráðu 22 ára í stað 24 ára nú og meistaragráðu 24 ára í stað 26 ára nú.

13. Rammalöggjöf um háskólastigið. Vegna ofnotkunar á hugtakinu háskóli (l. universitatis) er nauðsynlegt að sett verði rammalöggjöf um kennslu á háskólastigi, sem skilgreini kröfur til menntastofnana, rannsókna og kennara.

14. Endurmenntun verkfræðinga. Félagið mun auka beina þátttöku sína í endurmenntun verkfræðinga, m.a. með samvinnu við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og endurmenntunarskóla iðnaðarins.

Samþykkt á almennum félagsfundi þann 28. apríl 1994

Stefna TFÍ og VFÍ í menntunarmálum tæknifræðinga og verkfræðinga

1. Félögin viðurkenna að tæknifræðinám og verkfræðinám sé hvort tveggja af sama meiði. Því er eðlilegt að flokka tæknifræðinám sem námsbraut í verkfræði.
2. Félögin beiti sér fyrir því að þær menntastofnanir hér á landi, sem veita prófgráður í tæknifræði og verkfræði, skipuleggi námsbrautir sínar þannig að auðvelt sé fyrir nemendur að flytjast á milli menntastofnana.
3. Félögin beiti sér fyrir því að æðra tækninám á Íslandi verði endurskipulagt og samræmt þannig að námsbrautir, sem leiði til BS-gráðu eða MS-gráðu í verkfræði, verði í boði við sömu menntastofnun til að auka hagræðingu og skilvirkni.
4. Félögin viðurkenna að samræmt nám í verkfræði geti veitt fólki rétt til að nota annað hvort hinna lögvernduðu starfsheita *tæknifræðingur* eða *verkfræðingur*. Það sé háð námsbraut og prófgráðu hvort starfsheitið er notað.
5. Félögin komi sér saman um sameiginlegt starfsheiti fyrir tæknifræðinga og verkfræðinga. Sérstök viðskeyti verði notuð til að greina á milli prófgráða

Samþykkt á félagsfundi í TFÍ og í framkvæmdastjórn VFÍ 1995

Stefna TFÍ og VFÍ í endurmenntunarmálum tæknifræðinga og verkfræðinga

1. Félögin telja, að ekki nægi að byggja starfsferil tæknimanna (tæknifræðinga og verkfræðinga) eingöngu á formlegu tæknifræði- eða verkfræðiprófi, sem lokið er við upphaf starfsferils. Því verði stefnt að því að tryggja, að tæknimenn eigi vól á endurmenntun og að þeir geti stundað reglulega og vel skipulagða símenntun, samhliða starfsferli sínum og svo lengi sem þeir kjósa til að viðhalda faglegri endurnýjun.
2. Félögin geri endurmenntunar- og símenntunarmál félagsmanna sinna að sérstöku forgangsverkefni. Stefnt verði að því að verja til þessa málaflökks umtalsverðri upphæð árlega næstu fimm árin til að greiða fyrir skjótri uppbyggingu á skilvirku símenntunarkerfi fyrir tæknimenn.
3. Félögin stofni og reki sameiginlegan endurmenntunarsjóð tæknimanna. Sjóðurinn verði að hluta fjármagnaður af vinnuveitendum tæknimanna og að hluta af félögunum sjálfum.
4. Félögin hafi sjálf með höndum umgjörð og viðskiptahluta endurmenntunarstarfsins og leiti jafnan hagkvæmustu leiða við útfærslu á fræðslustarfinu.
5. Félögin verði í forsvari fyrir skipulagningu símenntunarnáms tæknimanna og beiti sér fyrir því, að endurmenntunar- og símenntunarnámsskeið verði skipulögð í samvinnu við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og þær menntastofnanir, sem veita prófgráður í tæknifræði og verkfræði hér á landi og erlendis. Auk þess standi félögin sjálf að námskeiðum ein sér eða í samvinnu við fyrirtæki aðila eins og hagkvæmt þykir hverju sinni.
6. Félögin beiti sér fyrir því að í boði verði endurmenntunar- og símenntunarnámskeið fyrir tæknimenn, sem verði skipulögð á þann hátt, að tæknimenn geti lagt stund á heildstæða og samfellda símenntun, sem tryggir þeim stöðuga faglega þróun og endurnýjun. Lögð verði sérstök áhersla á uppbyggingu og þróun fjarnáms og að tryggja hagsmuni tæknimanna utan höfuðborgarsvæðisins í þessu efni.
7. Félögin beiti sér fyrir almennri viðurkenningu í þjóðfélaginu á því, að þeir tæknimenn, sem stunda reglulega símenntun, hljóti réttláta umbun og að jafnaði örari launahækkanir og framgang í starfi en aðrir. Félögin leiti eftir breiðri samvinnu við viðkomandi stéttarfélög tæknimanna og vinnuveitendur um að koma þessu til leiðar.
8. Félögin kanni hvort fýsilegt sé að koma á hér á landi kerfi atvinnuþrygginga í stað atvinnuleysistrygginga, sem miði að því að auðvelda tæknimönnum að tryggja sig gegn hugsanlegu atvinnuleysi með stöðugri símenntun og faglegri endurnýjun.
9. Félögin komi á fót sameiginlegri fastanefnd, Endurmenntunar- og símenntunarnefnd tæknifræðinga og verkfræðinga, með fullu umbodi til að fara með endurmenntunar- og símenntunarmál tæknimanna, jafnt inn á við sem út á við, fyrir þeirra hönd.
10. Félögin gangist fyrir árlegu hófi þar sem tæknimönnum, sem stundað hafa skilvirka símenntun með tilskildum árangri, verði veitt formleg viðurkenning.

Samþykkt á aðalfundum félaganna 1996 (?)